

# Fundargerð

## Efni fundarins: Símafundur stýrihóps

Dags. fundar: 22-8-2017	Staðsetning: Símafundur	Fundur settur 15:00
Fundarboðari: Austurbrú SV	Fundarritari: Sigrún V	Fundi slitið: 15:35

## Fundarboðun send á / mættir og forfallaðir:

Mættir	Nafn	Fulltrúi fyrirtækis /	Tölvupóstur
	Anna Berg Samúelsdóttir	Fjarðabyggð	<a href="mailto:Anna.b.samuelsdottir@fjardabyggd.is">Anna.b.samuelsdottir@fjardabyggd.is</a>
x	Árni Óðinsson	Landsvirkjun	<a href="mailto:Arni.odinsson@landsvirkjun.is">Arni.odinsson@landsvirkjun.is</a>
x	Freyr Ævarsson	Fljótsdalshérað	<a href="mailto:freyr@egilsstadir.is">freyr@egilsstadir.is</a>
x	Geir Sigurpáll Hlöðversson	Alcoa Fjarðaál	<a href="mailto:Geir.hlodversson@alcoa.is">Geir.hlodversson@alcoa.is</a>
x	Guðrún Á. Jónsdóttir	Austurbrú ses	<a href="mailto:gudrun@austurbru.is">gudrun@austurbru.is</a>
	Hjalti Jóhannesson	Rannsóknþjónusta HA	<a href="mailto:hjalti@unak.is">hjalti@unak.is</a>
x	Lilja Dögg Björgvinsdóttir	Austurbrú ses	<a href="mailto:lilja@austurbru.is">lilja@austurbru.is</a>
x	Sigrún Víglundsóttir	Austurbrú ses	<a href="mailto:sigrunv@austurbru.is">sigrunv@austurbru.is</a>

## Efni / dagskrá:

### 1. Ársfundur 2017

- 1.1. Það sem gekk vel
  - 1.1.1. Góð þátttaka
  - 1.1.2. Góður andi á fundinum
- 1.2. Það sem mátti betur fara
  - 1.2.1. Knappur tími í hópavinnu
  - 1.2.2. Fundarsalur var langur og mjór og þeir sem sátu aftast sáu ekki vel á glærur.
  - 1.2.3. Það kom lítið skriflegt úr hópastarfinu.
- 1.3. Til athugunar fyrir seinni fundi
  - 1.3.1. Mikilvægt að auðvelda hópum að skila skriflegum niðurstöðum t.d. með því að tilnefna ritara fyrir fram, eða leggja hópum til eyðublöð til að fylla út með niðurstöðum.
  - 1.3.2. Rætt um tímasetningu og fyrirkomulag ársfunda. Þeir þurfa að passa við flugáætlun svo gestir geti komið úr Reykjavík, en jafnframt að vera aðgengilegir fyrir íbúa Austurlands.

### 2. Fundaplan haustsins.

- 2.1. Ákveðið að halda mánaðarlega stutta símafundi
- 2.2. Vinnufundur stýrihóps verður boðaður þegar skýrsla um úttekt Félagsvísindastofnunar á samfélagsvísnum liggur fyrir.



### 3. Almennur texti á heimasíðu

Fyrir fundinn voru fundarmenn beðnir að skoða nýjan flipa „Um sjálfbærni-verkefnið“ á vefnum með almennum texta. Hugmyndin var að sá flipi komi í stað þriggja sem nú eru á vefnum „Um sjálfbærni-verkefni á Austurlandi“, „Saga verkefnisins“ og „Sjálfbær þróun“. Á móti mætti skipta flipanum sem nú heitir „Sjálfbærni-mælingar“ í „Umhverfi“, „Samfélag“ og „Efnahag“ þannig að leiðin að niðurstöðum verkefnisins fái mest vægi á síðunni.

- 3.1. Rætt að þessi breyting væri til bóta og auðveldara að finna upplýsingar á síðunni. Samþykkt að láta þennan flipa standa en fela hina.

### 4. Önnur mál

- 4.1. Lilja Dögg Björgvinsdóttir er nýr starfsmaður Austurbrúar á Djúpavogi. Hún er grunnskólakennari með náttúrufræði sem sérsvið. Meðal hennar verkefna verður vinna við Sjálfbærni-verkefnið. Sigrún Víglundsdóttir er komin aftur til vinnu eftir veikindaleyfi.
- 4.2. Skýrsla um úttekt Félagsvísindastofnunar á samfélagsvísunum verkefnisins er væntanleg og nýtist vonandi til að móta næstu skref í framtíðaráætlun verkefnisins. Miðað við að hún liggi fyrir á næsta vinnufundi stýrihóps. Árni kannar hver staðan er á verkinu.
- 4.3. Mögulega er svigrúm innan áætlunar ársins til að vinna að áhersluverkefni. Lagt var til að ef svigrúm gæfist yrði gerð lítil könnun tengd „vandráðavísunum“ sem ekki hafa verið uppfærðir vegna skorts á gögnum. Þá kom fram að hugmyndir að verkefni mætti líka finna í niðurstöðum SVÓT greiningarinnar og í fyrrnefndri skýrslu Félagsvísindastofnunar. Allir hugsa þetta þangað til við hittumst næst.

Verkefni ákveðin á fundinum:

Verkefni	Ábyrgur:	Ljúkist fyrir
Ljúka breytingu á almennum texta á vef	Sigrún	29-8-17
Athuga hvenær von er á skýrslu Félagsvísindastofnunar	Árni	
Hugsa um möguleg áhersluverkefni ef svigrúm er í áætl.	Allir	Næsta stýrihópsfund
Boða símafund eftir mánuð	Sigrún	29.8.17

Fylgiskjöl:

